

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

110. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 4. október 2012 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Sorpmál:
3. Húsnæðismál Barnaborgar:
4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.09.2012:
5. Erindi frá Foreldrafélagi Litlulaugaskóla:
6. Erindi frá Haraldi Bóassyni:
7. Fundargerð rekstrarstjórnar og ársreikningur Hafralækjarskóla:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 799. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Málstefna sveitarfélaga:
- c) Veraldarvinir:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Ásta Svavarsdóttir og Árni Pétur Hilmarsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund.

2. Sorpmál:

Farið var yfir sorpmál í sveitarfélaginu, Hafsteinn H. Gunnarsson framkvæmdarstjóri Sorpsamlags Þingeyinga ehf. mætti til fundarins og svaraði fyrirspurnum. Bæta þarf umgengni á gámasvæðum sveitarfélagsins og senda út upplýsingar um frekari flokkun á sorpi. Sveitarstjórn óskar eftir hluthafafundi í Sorpsamlagi Þingeyinga ehf. sem fyrst.

3. Húsnæðismál Barnaborgar:

Lagðar fram til kynningar frumkostnaðaráætlanir og teikningar vegna leikskóladeildar Barnaborgar í Hafralækjarskóla. Skipulagsfulltrúi mætti til fundarins undir þessum lið og gerði grein fyrir áætlun og teikningum.

Sveitarstjórn vísar málinu til Fræðslunefndar til umfjöllunar. Ásta Svavarsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég hef fullan skilning á aðstöðuvanda Barnaborgar. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að skýr framtíðarsýn í skólamálu sveitarfélagsins liggi fyrir áður en ráðist er í fjárfrekar framkvæmdir á skólahúsnæði og sveitarfélagið skuldsett frekar.“

4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19. 09. 2012:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.09.2012. Ásvaldur og skipulagsfulltrúi gerðu grein fyrir fundargerðinni. Varðandi 1. lið; Brekka í Aðaldal, deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis, samþykkir sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir einnig, samkvæmt tillögu nefndarinnar, 2. lið; Hólkot í Reykjadal, umsókn um stofnun lóða, að heimila umsækjendum að skrá 0,5 ha lóð undir núverandi sumarbústað, 4. lið; Breiðamýri í Reykjadal, umsókn um framkvæmdaleyfi og 5. lið; Árteigur í Köldukinn, umsókn um stofnun lóðar. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

5. Erindi frá Foreldrafélagi Litlulaugaskóla:

Tekið fyrir erindi frá Foreldrafélagi Litlulaugaskóla dags. 30. ágúst s.l. þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn kanni þann möguleika að hafa leikskólann opinn lengur en til kl. 14:00 á föstudögum.

Sveitarstjóra falið að kanna mögulega lausn á málinu.

6. Erindi frá Haraldi Bóassyni:

Tekið fyrir erindi frá Haraldi Bóassyni dags. 1. október þar sem hann óskar eftir, f.h. Útibús ehf., að taka á leigu Laugavöll og Bæjareyrina frá 1. júní til 31. ágúst í fjögur ár frá 2013 til 2016.

Sveitarstjóra og formanni Félags- og menningarmálanefndar falið að ganga til viðræðna við Harald um málið.

7. Fundargerð rekstrarstjórnar og ársreikningur Hafralækjarskóla:

Lögð fram fundargerð rekstrarstjórnar Hafralækjarskóla frá 12.09.2012 ásamt ársreikningi 2011. Ólína gerði grein fyrir fundargerð og ársreikningi.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerð og ársreikning.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 799. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Málstefna sveitarfélaga:
- c) Veraldarvinir:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:55

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Ásta Svavarsdóttir